

GJALDSKRÁ

fyrir móttöku og meðhöndlun úrgangs á gámasvæði í Sveitarfélaginu Árborg.

1. gr.

Sveitarfélagið Árborg annast rekstur á söfnunarstöð úrgangs (gámasvæði) í sveitarfélaginu. Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar skal innheimta gjald samkvæmt gjaldskrá þessari fyrir meðhöndlun úrgangs samkvæmt samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Sveitarfélaginu Árborg, nr. 262/2024.

2. gr.

Allir fasteignaeigendur í Sveitarfélaginu Árborg taka þátt í föstum kostnað við meðhöndlun úrgangs af rekstri grenndarstöðva og söfnunarstöðva (gámasvæðis) sem veitir gjaldfrjálsan aðgang að gámsvæði Sveitarfélagsins Árborgar með úrgang sem skilgreindur er gjaldfrjáls sem og úrgang sem ber úrvinnslugjald.

3. gr.

Greiða þarf samkvæmt neðangreindri gjaldskrá vegna móttökustöðvar í Sveitarfélaginu Árborg (gámasvæðis). Greitt er fyrir móttöku á öllum gjaldskyldum úrgangi eftir vigt.

Almenn gjaldskrá á gámasvæði Sveitarfélagsins Árborgar

Athygli er vakin á að einungis er tekið er við rafrænum greiðslum eða að fyrirtæki eru í reikningsviðskiptum.

Alltaf skal hafa samráð við starfsmenn um flokkun úrgangs.

Lágmarkskomugjald á móttökustöð með gjaldskyldan úrgang	kr./skipti	900
Lágmarkskomugjald fyrir eðlislétt sorp (t.d. einangrunarplast)	kr./m³	1.500
Gjaldskyldur úrgangur – gjald er tekið eftir vigt	Eining	Gjald
Grófur úrgangur s.s. plasthúsgögn, dýnur, húsgögn og annað óflokkað	kr./kg	84
Almennt heimilissorp – blandaður úrgangur	kr./kg	75
Garðaúrgangur, s.s. trjágreinar, gras, arfi o.fl.	kr./kg	16
Gifs og gifsplötur frá framkvæmdum	kr./kg	84
Gler, postulín, kermik og flísar	kr./kg	33
Smádýrahrae, sláturúrgangur, bein o.fl. (lágmark 2.000 kr.)	kr./kg	334
Húsdýraúrgangur	kr./kg	22
Jarðvegur – grjót, möl, mold og önnur steinefni	kr./kg	36
Hreint timbur	kr./kg	23
Málað timbur	kr./kg	42
Gjaldfrjáls úrgangur – afsetning er hluti af föstu gjaldi eða ber úrvinnslugjald	Eining	Gjald
Umbúðir úr sléttum pappa	kr./kg	0
Plastumbúðir	kr./kg	0
Heyrúlluplast	kr./kg	0

Bylgjupappi	kr./kg	0
Hjólbarðar	kr./kg	0
Raftæki	kr./kg	0
Spilliefni	kr./kg	0
Málmar	kr./kg	0
Dagblöð, tímarit og skrifstofupappír	kr./kg	0
Föt og textíll	kr./kg	0
Rafhlöður	kr./kg	0
Rafgeymar	kr./kg	0
Kælimiðlar	kr./kg	0
<i>Önnur gjöld</i>	<i>Eining</i>	<i>Gjald</i>
Mulningur 0-25	kr./kg	5,4
Drenmöl 10-25	kr./kg	6,5
N.sandur 0-8	kr./kg	4,4
Fjörusandur	kr./kg	2,2
Fjörusandur úr Eyrarbakka fjöru - afgreiddur í fjörunni	kr./kg	1.750
Vigtun bifreiða – útgáfa vottorðs	kr./bíl	5.350
Tunnugjald: Nýjar 140 l tunnur	kr./ílát	12.690
Tunnugjald: Nýjar 240 l tunnur	kr./ílát	15.890
Tunnugjald: Nýjar 240 l tvískiptar tunnur	kr./ílát	20.640
Tunnugjald: Ný 660 l ker	kr./ílát	59.340
Tunnugjald: Ný 1.000 l ker	kr./ílát	120.740
Útkeyrslugjald tunnur	kr./ferð	3.090
Útkeyrslugjald ker	kr./ferð	6.190
Tunnufesting	stk.	4.900
Teygjufesting á lok í lausasölu	stk.	1.020
Teygjufesting á lok sett á nýjar tunnur	stk.	1.280
Lok á tunnur	stk.	3.090
Tunnugjald: Notuð tunna/ker - 50% af verði nýrrar	kr./ílát	-50%
<i>Leigugjald á gámasvæði</i>	<i>Eining</i>	<i>Gjald</i>
Lágmarksgjald á mánuði	kr.	3.000
Fermetragjald á mánuði	kr./m ²	400

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar, staðfestist hér með, skv. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, og öðlast gildi 1. janúar 2026.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu í Sveitarfélaginu Árborg, nr. 1647/2024.

Þannig samþykkt í bæjarstjórn, 3. desember 2025.

Selfossi, 3. desember 2025.

Bragi Bjarnason bæjarstjóri.

B deild - Útgáfudagur: 18. desember 2025